

Fundarstjóri, menntamálaráðherra, ágætu fyrirlesarar og góðir gestir.

Ég vil byrja á að þakka menntamálaráðherra, og öðrum afar áhugaverðum fyrirlesurum hér í dag, fyrir að taka þátt með okkur í menntadegi iðnaðarins. Eins vil ég þakka fundarstjóranum fyrir hans þátttöku. Hann er formaður stjórnar Iðunnar, hinnar prýðilegu endurmenntunarfögnunar iðnaðarins, og stýrir okkur hér í dag væntanlega af sömu röggsemi og við sjáum í rekstri Iðunnar.

Efnið sem við ætlum að fást við er að mínu mati óvenjulega mikilvægt. Ég vil reyndar fullyrða að það, hvernig Íslendingum mun takast á næstu misserum og árum að meðhöndla þau hugtök sem við ætlum að kryfja hér í dag, muni skipta sköpum fyrir varanlega endurreisn lífskjara í þessu landi.

Við hjá Samtökum iðnaðarins stöndum núna fyrir samstarfsverkefni ÁRI NÝSKÖPUNAR – undir kjörorðunum „frumkvæði – fjárfesting – farsæld“. Átak þetta tekur á sig ýmsar myndir, sumar sjáanlegar en aðrar eru djúpt bak við tjöldin. Kjarninn í því öllu er hins vegar sá sami, að leysa úr læðingi aukna krafta í íslensku efnahagslífi, fyrir tilstilli framþróunar og umbóta, á öllum stigum og öllum gerðum rekstrar. Grunnþemað er að nýsköpun á erindi við alla – og á sér ekki bara stað í hátækniyrirtækjum og sprotum – heldur einnig í gamalgrónum greinum. Nýsköpun þarf að krauma alls staðar – hjá stórfyrirtækjum sem einyrkjum – til að knýja áfram hagvél landsmanna. Okkar trú er sú, að grunnneisti nýsköpunar kvikni í samspili atvinnulífs og menntakerfis. Menntunin er að okkar mati ein helsta undirstaða fyrir andlega og veraldlega verðmætasköpun í samfélaginu, sem hefst á neðstu skólastigum og þræðir sig svo alla leið upp úr.

En þótt sú áhersla okkar kunnir að þykja augljós, að minnsta kosti þeim sem hér eru, þá framkallast jákvæð víxlverkun milli mennta- og atvinnulífs hreint ekki af sjálfri sér. Þær sérstöku aðstæður sem nú ríkja í þessu landi tala sínu máli. Hér mæla 14 þúsund manns göturnar og enn fleiri störf hafa tapast. Niðurstaðan er því miður verra atvinnuleysi en nokkurn tíma hefur áður þekkt á þessu landi síðan mælingar hófust. Þá er sama hvort mælt er í fjölda fólks, eða sem hlutfall fólks. Við höfum varið um 70 milljörðum til atvinnuleysisbóta frá hrúni, fé sem fór til að greiða fólki fyrir að vera heima hjá sér, en hvorki í vinnu né námi. Þeim sem hafa verið án atvinnu í langan tíma, 12 mánuði eða lengur, fjölga enn. Ungt fólk, undir 26 ára aldri, er um fjórðungur atvinnulausra. Til er urmull fólks á þrítugsaldri, sem aldrei hefur verið í fastri vinnu.

Á sama tíma vill svo skringilega til að hér er sár vöntun á sérhæfðu starfsfólki til ýmissa starfa. Sum fyrirtæki þurfa einfaldlega að velja milli þriggja kosta, sem allir skjóta skökku við, hér í miðju atvinnuleysisinu. Í fyrsta lagi þurfa sum fyrirtæki að láta vissa þætti starfsemi sinnar fara fram erlendis fremur en hér. Í öðru lagi ráða þessi fyrirtæki fólk erlendis frá til starfa hingað heim. Í þriðja lagi ráða þau hreinlega ekki í tiltekna stöður, heldur láta þau verk lönd og leið, sem þeim starfsmanni voru ætluð. Enginn þessara kosta þarf einn og sér að vera hræðilegur, að minnst kosti til skamms tíma, en verst er klárlega þegar fyrirtækin verða af vaxtar- og nýsköpunarmöguleikum, einungis vegna manneklu. Og allir þessir möguleikar eiga þó sameiginlegt að vinnufúsar íslenskar hendur finna kröftum sínum ekki viðnám, sem þó er einmitt í boði.

Hér á eftir mun Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður nýsköpunar og stefnumótunar hjá Samtökum iðnaðarins, gera grein fyrir könnun sem við létum nýlega gera meðal fyrirtækja okkar, um þá mannaflapörf sem þau sjá í rekstri sínum. Í ljós kemur að fyrirtæki vilja fjölga fólki, og á sumum sviðum mun hraðar en þau í raun geta fundið mannskap til. Um þessar mundir vantar til að mynda

sárlega fólk með verklega tæknimenntun og akademíska tæknimenntun til fjölmargra afar ólíkra fyrirtækja. Eins er þörf fyrir allra handa annan bakgrunn, svo sem á sviði hönnunar og lista og ýmissa húmanískra greina. En gatið, annars vegar milli þarfa atvinnulífsins fyrir tæknimenntað fólk og hins vegar nýliðunar menntakerfisins á tæknimenntuðu fólk, mun viðhalda hinu stingandi ójafnvægi vinnumarkaðarins næstu árin, verði ekkert að gert.

Þegar efnahagskerfi fær svona óvenjulega þungt og snöggt högg, eins og við upplifðum, ríður á að menntakerfi geti sýnt sveigjanleika og beint kröftum sínum og fólk í þær áttir þar sem er þörf. Störfín sem tapast í kreppunni eru ekki sömu störf og verða síðar til í endurreisninni.

Menntakerfi eru í eðli sínu íhaldssöm og taka engum snöggum sviptingum – og þannig eiga þau í sjálfu sér að vera. Sá grunnur sem menntun veitir, á að vara mun lengur en ýktar sveiflur atvinnulífs geta kallað á í millitíðinni. Þar að auki nær framleiðsluferli menntakerfisins, sá tími sem það tekur að koma heilli manneskju af holdi og blóði til mennta, hagsveiflnanna á milli.

En festa er ekki andheiti framsýni.

Menntakerfið okkar á núna að geta leyst úr talsverðum hluta bráðaparfar okkar. Markvisst átak okkar, þ.e. samtaka fyrirtækjanna, og skólanna, með Vinnumálastofnun, á að geta beint nokkrum fjölda fólks úr aðgerða- og atvinnuleysi yfir í þær námsgreinar, sem atvinnulífið kallar á. Þetta mun Gissur Pétursson hjá Vinnumálastofnun vísast ræða af skynsemi við okkur hér á eftir. Vissulega er það ekki alltaf sama fólk, sem atvinnulífið er að kalla eftir, og það fólk sem er án vinnu, en ýmis úrræði eru í boði. Háskólabrúin, frumgreinarnar, eins árs iðnfræðigráða, endurmenntun, starfsmenntun, samspil atvinnuleysistrygginga og námslána, samspil atvinnuleysistrygginga og greiddra byrjunarlauna. Allar slíkar sveigjanlegar lausnir geta áorkað býsna miklu.

Fyrst og síðast er það þó langtímahugsunin í samspili atvinnulífs og menntakerfis, sem öllu skiptir. Hvernig mun atvinnulíf okkar líta út eftir 5 ár, eftir 10 ár, eftir 20 ár? Hvers konar mannskap munu atvinnugreinar framtíðarinnar sækjast í, hugverkagreinar, skapandi greinar, verkleg tækni, heilbrigðistækni? Og að því marki sem við treystum okkur ekki til að spá fyrir um hvernig atvinnulífið muni þróast – hvers konar menntakerfi viljum við að sé hér til, t.þ.a. byggja ungu fólk trausta undirstöðu fyrir síbreytilegar kröfur atvinnulífsins? Hvernig má búa ungt fólk í dag, undir nýsköpun og hinar daglegu og stöðugu framfarir morgundagsins? Og úr þveröfugri átt má spyrja: Hvernig hönnum við menntakerfi okkar, svo hér skapist hálaunuð störf og hér verði eftirsóknarvert að búa?

Mín skoðun er sú að þessi undirbúningur hefjist þegar í grunnskólanum. Tendra þarf nýsköpunar- og frumkvæðishugsunina strax hjá börnum og unglingum. Hinir opnu hugar grunnskólabarna mega ekki fara á mis við að upplifa það litla ævintýri, sem það er að ljúka nýsköpunarverkefnum, litlum eða stórum. Að fá hugmynd, meitla hana, undirbúa, framkvæma, framleiða. Sköpun, verkleg tækni og bóklegt nám eru ekki aðskildir heimar, heldur geta verið ein samfella frjóruga huga. Þar að auki má beisla heilbriggt keppnisskap og nota til þess kraftmikil tæki eins og leiki, til að laða fram metnað hjá ungmennum, og reyndar öllum aldurflokkum. Ég efast ekki um að Ólafur Andri Ragnarsson hjá Betware og HR lumi á hugmyndum þar um, sem hann deilir vonandi með okkur hér á eftir.

Ég óttast hins vegar að sá sparnaður sem nú fer fram í grunnskólunum landsins, bitni helst á slíkum verkefnum. Þau kunna að verka utan hefðbundinnar námskrár, og geta sýnst flókin í rekstri, frá sjónarmiði stjórnenda og sveitarstjórnarfólks. Anna Þóra Ísfold mun segja okkur hér á eftir frá Nýsköpunarkeppni grunnskólanna, sem Samtök iðnaðarins hafa styrkt með glöðu geði. Sú keppni er gott dæmi um þessa viðleitni á grunnskólastigi – að láta leik laða fram sköpunarkraftinn. Hins vegar þarf slík aðferðafræði að verða samofnari grunnskólastarfinu sjálfu, í stað þess að vera eingöngu sjálfstætt standandi.

Þegar nýbakaðir gagnfræðingar standa svo frammi fyrir vali um næstu skref í lífi sínu, leiðum við þá oft á villigötur. Á þeim krossgötum blasa við miklar girðingar í skólakerfinu, bæði ímyndaðar og raunverulegar. Val 15 ára unglings virðist standa milli þess að fara annars vegar í verklegt nám, iðnnám, og geta þá einungis haldið áfram eftir þeim teinum síðar. Hinn kosturinn er svo að fara í bóklegan framhaldsskóla, og geta að honum loknum átt kost á háskólanámi. Þetta leiðir til þess að of fáir taka áhættuna af iðnnámi, ef svo má segja, af ötta við að loka á mögulegt háskólanám síðar.

Aftur þýðir þetta að mun fleiri hefja framhaldsskólanám en eiga í það erindi eða hafa á því raunverulegan áhuga þá stundina. Þessi skekkja getur svo af sér hátt brottfall úr framhaldsskóla, ekki síst meðal drengja. Margir þeirra hefðu notið sín mun betur í verklegum greinum og praktískri iðntækni á framhaldsskólaárum, fremur en að sitja yfir bókunum einum. Hin verklega leið kemur hreint ekki í veg fyrir að hægt sé að nema akademíska grein síðar. Við hjá Samtökum iðnaðarins eigum stóra þátt í rekstri Tækniskólans og komum að iðnbrautum víða um land. Við erum býsna stolt af framvindu margra þessara stofnana við erfiðar aðstæður, ekki síst samtvinnun námsframboðs við háskólastigið, til dæmis Háskólann í Reykjavík. En allar slíkar krossteningar skólakerfisins þarf að opna betur og gera sýnilegri.

Eins hef ég þá trú að mörg okkar sem námum bóklegt tækninám í háskóla, hefðum haft afar gott af því að komast í tæri við meiri verklega þjálfun um leið. Svo vill til að ég nam vélaverkfræði við Háskóla Íslands fyrir fimmtán/tuttugu árum. Sem er ekki í frásögur færandi nema fyrir þá sök að þá fólst aðeins örlítill hluti okkar náms í verklegri tækni, sem var kennd í Iðntæknistofnun sem þá hét svo. Sú reynsla var hin vænsta, en við nemendurnir sýndum þessum þætti því miður allt of litla virðingu á þeim tíma og vildum helst komast í tölvurnar okkar og formúlurnar við Suðurgötu sem hraðast á ný. Þá voru afurðirnar af starfi okkar í hinum verklega hluta hinar mestu hráskmíðar, a.m.k. í mínu tilfelli, og hefði með lögum átt að vísa beint í brotajárn.

Síðar, í framhaldsnámi í útlöndum, komst ég í kynni við kollega mína sem höfðu próf í vélaverkfræði frá Þýskalandi. Þeir höfðu ólíkt mér þrætt bæði hinn verklega og bóklega heim – og höfðu sannreynt og praktiserað samhengi milli þeirra tveggja. Blessunarlega held ég að þessi skil verklegar og bóklegrar þjálfunar hafi minnkað á síðustu árum og til að mynda hafi sameining Tækniháskólans við Háskólans í Reykjavík haft góð áhrif í þá átt, að bræða saman handverk og hugverk á háskólastigi. Og það á ekki einungis við Háskólann í Reykjavík, heldur einnig minn gamla skóla, Háskóla Íslands, og eins til dæmis í nýtilkominni undirstofnun hans, Keili hér suður með sjó. Þá fagnar Háskóli Íslands í ár 100 ára afmæli sínu og mun af því tilefni standa fyrir margþættri dagskrá undir yfirskriftinni „fjársjóði framtíðar“. Í þeirri áætlun er óneitanlega talsverður samhljómur með ýmsu sem við hjá Samtökum iðnaðarins hyggjumst fyrir á Ári nýsköpunar. Hlökkum við því til að vinna með Háskóla Íslands og að samstillta krafta.

Góðir gestir.

Skera hefur þurft verulega niður til menntamála nú þegar tekjur ríkisins hafa dregist saman. Ríkisútgjöld voru hér almennt stillt í hæstu hæðir á árunum fyrir hrun. Eytt var og spennt af miklu fyrirhyggjuleysi á mörgum skrytnum sviðum ríkisrekstrarins, í skjóli hinna ríkulegu en froðukenndu tekna sem flóðu inn í ríkiskassann. Fjárlögin fyrir árið 2008, sem gerð voru 2007 af þáverandi ríkisstjórn, eru fræg að endemum. Þá strax hillti reyndar undir hægari gang í hagkerfinu en verið hafði, og menn sögðust í orði kveðnu vilja hamla gegn þenslu með aðhaldi og ráðdeild. Ekkert var fjær sanni. Ríkisútgjöld voru aukin um heil 25% milli áranna 2007 og 2008, ofan á samfelldar hækkanir sérhvert ár þar á undan. Verða þau fjárlög seint talin til tekna þeim sem að þeim stóðu.

Núverandi menntamálaráðherra hefur því ekki haft öfundsvert hlutverk, í því erfiða en nauðsynlega verkefni að endurstilla framlög til menntamála í kröppum samdrætti. En þótt verkefni séu erfið, er hreint ekki hafið yfir gagnrýni hvernig þau eru leyst, hvort sem er í námi eða starfi. Hið 100 ára afmælisbarn Háskóli Íslands hefur til að mynda úr 4-5% minni framlögum að spila í ár miðað við í fyrra, sem er hreint ekki einfalt að vinna úr, í svo lögbundnum rekstri í föstum skorðum sem háskólinn er, án þess að það komi niður á akademískum kröfum. Virðist þó ganga merkilega vel að vinna úr þessari stöðu við Suðurgötu.

Niðurskurður til Háskólans í Reykjavík er hins vegar miklum mun meiri, eða heil 12% fyrir yfirstandandi ár, ofan í fyrri niðurskurð. Ég held það sé erfitt að taka of sterkt til orða um það, hversu þungt högg þetta er, nokkuð sem færi langt með að ríða mörgum hefðbundnum menntastofnunum að fullu, ef ekki fjárhagslega þá að minnsta kosti akademískt, hlypu ekki aðrir undir bagga. En óháð því að hvað hver menntastofnun heitir, og hvort hún er innan eða utan ríkisrekstrar, þá er alvarlegasta atriðið, hvað þetta þýðir fyrir tækninám á háskólastigi. Nú þegar fyrirtækin eru mörg hver í sárri þörf fyrir tæknimenntað fólk sem fyrr segir – í miðju atvinnuleysinu – þá er þessi niðurskurður að koma lang harðast niður á tækninámi, sem er dýrara nám en hreinræktað bóklegt háskólanám. Ef við einhendum okkur ekki í að vinda ofan af þessari hættulegu stöðu, gætum við lagt grunn að áframhaldandi misvægi, þ.e. viðvarandi manneklu í fyrirtækjum, en tugum milljarða áfram varið til atvinnuleysisbóta. Ég vona að við séum öll sammála því hér að þetta rof má alls ekki festast í sessi.

En ekki er nóg að tiltekið nám standi til boða, ungt fólk þarf einnig að hafa áhuga á að þeim námsbrautum sem atvinnulífið kallar eftir. Þar er verk að vinna og stendur upp á okkur, samtök í atvinnulífi, að kynna betur í framhaldsskólum og grunnskólum og í samfélaginu almennt, hvers konar atvinnumöguleikar geti verið í boði fyrir tiltekna menntun – að tengja fyrirmyndir í atvinnulífinu við menntabrautir. Sérstaklega þarf að auka aðdráttarafli tæknináms í augum kvenna, samfélagið hefur einfaldlega ekki efni á að þær greinar séu sífellt of drengjamiðaðar. Í mínu verkfræðinámi var um 20% nememenda konur. Ekki var það vegna þess að fagið lægi betur fyrir okkur. Svo vildi til að tveir langbestu nemendurnir í mínum 15 manna bekk voru tvær af þeim þremur konum sem í þeim bekk sátu. Aftur stendur upp á atvinnulífið að vinna með háskólunum að gera þetta nám meira aðlaðandi fyrir alla sem hafa í það erindi.

Góðir gestir.

Að lokum vil ég nefna eitt mikilvægt atriði. Nú á tímum aðhalds og niðurskurðar höfum við á Ári nýsköpunar lagt áherslu á tiltekinn þátt, sem við köllum „Betri þjónustu fyrir minna fé“. Breytingar, eins og niðurskurður opinberra útgjalda, fela vissulega í sér ógnir, eins og ég hef komið inn á. Með rétttri meðhöndlun má hins vegar breyta slíkum ógnum í tækifæri. Hinn þröngi fjárhagslegi stakkur sem okkur er sniðinn neyðir okkur til að hugsa upp á nýtt hvernig við nýtum takmarkað fjármagn sem best.

Kjarninn í okkar tillögu þar, er að fjármagn sé að hluta flutt úr föstum farvegi fjárlaga, frá sömu viðtakendunum og stofnunum sem sjálfkrafa fá þetta fé ár eftir ár, yfir í samkeppnisjóði fyrir nýsköpunar- og þróunarverkefni. Þar er forgangsöröðun tengd árangri, í formi verðmætasköpunar og gildis fyrir land og þjóð, rétt eins og gert er í starfi Tækniþróunarsjóðs Rannís. Vonir standa til að hluti þeirra verkefna sem þannig væri settur á laggirnar gæti fljótlega leitt af sér sparnað eða virðisauka, jafnvel strax á næsta ári. Það sem þessi aðferðafræði framkallar er nánara klasasamstarf stjórnvalda, stofnana og fyrirtækja á vissum sviðum. Þannig verður til aukið virði – fyrirtækin hætta að verka eingöngu sem birgjar hinna opinberu stofnana, sem taka þátt í útboðum og selja eingöngu einsleita vöru fyrir sem lægst verð. Klasahugsunin getur af sér mun meiri dýnamík í báðar áttir – og frjórri umhverfi til nýsköpunar og þróunar á lausnum. Við höfum þannig lagt drög að þriggja ára áætlun um klasasamstarf á sviði menntamála, heilbrigismála, orku- og umhverfismála.

Runólfur Smári mun hér á eftir ræða um mikilvægi menntaþáttarins í klasasamstarfi almennt – óháð því hvort sá klasi snýst um jarðvarmataækni eða sjávarútveg eða hvað sem er. Við teljum einnig að til sé vísir að klasa á menntasviðinu sjálfu, þ.e. menntastofnanirnar sjálfar, nýsköpunarfyrirtækin sem þjónusta menntakerfið á Íslandi og erlendis, auk annarra stoðþátta. Markmiðið með öllum slíkum þekkingarkjörnum er að heildin verði verðmætari en summa partanna, og að skapa betri og hagkvæmari lausnir til að uppfylla þarfir á þeim sviðum sem um ræðir hverju sinni. Um leið viljum við skapa íslenskum fyrirtækjum tækifæri til þróunar á lausnum sem eiga erindi á alþjóðlegan markað.

Okkar tillaga er, að það fé sem er óráðstafað í fjárukalögum af hinu svokallaða iðnaðarmálagjaldi frá árinu 2010, blessuð sé minning þess, verði í upphafi varið með þessum hætti. Þetta eru í raun fjármunir sem innheimtir voru af iðnaði og eyrnamerkir honum og hans þörfum. Ef stofnanir og stjórnvöld leggja sitt á móti til tiltekinna verkefna, getur þarna orðið vísir að snjóbolta, sem máli skiptir. Til viðbótar við þetta mætti tengja verkefni á vegum Nýsköpunarsjóðs námsmanna, norræn verkefni og Evrópuverkefni. Þá má nýta aðkomu Atvinnuleysistryggingasjóðs við vissar aðstæður og ég veit að Vinnumálastofnun gæti hratt virkjað atvinnuleitendur í verkefni sem tengjast þessum klösum. Kröfur eru einnig um að nýsköpunarfyrirtækin leggi a.m.k. jafn mikið á móti, þ.e. krónu á móti krónu, líkt og gert er í Tækniþróunarsjóði.

Með öðrum orðum má þarna særa fram umtalsverða krafta, og skapa verkefni sem fram á við bæta opinbera þjónustu fyrir minna fé. Dæmi um verkefni innan menntaklasans sem velt hefur verið upp eru rafrænar lausnir í menntakerfinu, s.s. nýjar lausnir við fjarnám, og að nýta aðferðafræði leikja við kennslu. Þannig má stuðla að auknum gæðum kennslu og hagræði fyrir nemendur, kennara og skóla. Þannig má líka nálgast brottfallsnemendur með nýjum og virkum aðferðum.

Aðalatriðið er þó hitt, að koma inn nýrri hugsun við að nýta opinbert fé – að tendra aukið þróunarsamstarf hins opinbera við nýsköpunarfyrirtækin, báðum til heilla.

Ég þakka menntamálaráðherra fyrirfram, fyrir að taka heils hugar undir þessa hugmynd í ávarpi sínu hér á eftir. Að því sögðu býð ég alla velkomna á Menntadag iðnaðarins.

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI